

Græn skref Landsvirkjunar

Skref 1 2 3 4



Rafmagn og húshitun

- Við höfum yfirfarið og stillt orkunotkun tölva þannig að þær fari í viðbragðsstöðu (standby) eða svefnham standi þær ónotaðar í skemmri eða lengri tíma
- Ljósritunarvélur og prentarar eru stillt þannig að tækin fara í viðbragðsstöðu (standby) þegar þau hafa ekki verið í notkun í 20 mín
- Við notum ekki skjáhvílur (screensaver)

- Allir starfsmenn slökkva á tölvum sínum þegar þeir fara heim
- Við slökkvum á öllum ljósum í þeim rýmum sem eru ekki í notkun og öll ljós í lok dags. Sérstaklega er hugað að fundarherbergjum, geymslum og þar sem dagsbirtu nýtur við
- Við höfum komið fyrir áminningarmiðum við rofa og valdar útgönguleiðir þar sem minnt er á að slökkva ljós í lok dags og á raftækjum þegar þau eru ekki í notkun



Flokkun og minni sóun

- Flokkunartafla er sýnileg öllum starfsmönnum þar sem lýst er úrgangsflokkum starfseminnar, hvar ílát eru staðsett og hver er ábyrgur fyrir losun þeirra. Öll ílát eru merkt með viðkomandi úrgangsflokki
- Í helstu rýmum þar sem úrgangur fellur til eru viðeigandi flokkunarílát, s.s. prentrymum, kaffistofum og fundarherbergjum
- Við flokkum pappír og skilagjaldsumbúðir
- Við flokkum spilliefni eins og lög og reglur kveða á um, s.s. rafhlöður, prenthylki, málningarafganga, flúrperur og skilum til ábyrgrar förgunar

- Við prentum báðum megin á blöð. Prentun á báðar hliðar og í svart hvítu er sjálfgild stilling á tölvum starfsmanna og við minnum starfsmenn reglulega á
- Við endurnotum pappír sem prentað er á öðrum megin. Við prentara og ljósritunarvélur er slíkum pappír safnað og hann t.d. nýttur sem minnisblöð
- Við notum margnota umslög fyrir innanhúspóst og hvetjum til notkunar þeirra í stað einnota umslaga
- Við útgáfu kynningarefnis og annars efnis bjóðum við ávallt upp á rafræna útgáfu sem lesendur geta valið í stað pappírútgáfu



Fundir og viðburðir

- Við bjóðum upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum
- Fyrirtækið kaupir ekki einnota drykkjamál og borðbúnað

- Í auglýsingum og upplýsingagjöf um fundi eða viðburði á okkar vegum hvetjum við þátttakendur til að huga að lágmarkun umhverfisáhrifa, svo sem með notum á vistvænum ferðamáta til og frá viðburðum og úrgangsflokkun á staðnum



Samgöngur

- Það er hjólagrind fyrir utan vinnustaðinn
- Bílar á okkar vegum eru ekki á nagladekkjum nema brýna nauðsyn beri til
- Starfsfólk okkar á auðvelt með að nálgast strætómiða á vinnustaðnum
- Upplýsingar um strætóleiðir til og frá vinnustaðnum eru starfsmönnum aðgengilegar

- Við höfum kynnt mismunandi ferðamáta fyrir starfsfólki okkar, t.d. með fræðslufundum, kynningarefni eða með öðrum hætti
- Starfsfólk fær ávallt kynningu á þeim samgöngukostum sem í boði eru þegar það hefur störf
- Við tökum þátt í átakinu Hjólað í vinnuna



Innkaup

- Við íhugum vel þörfina áður en við kaupum inn t.d. hvort megi nýta betur, samnýta, fresta innkaupum eða gera við
- Innkaupafólk fyrirtækisins þekki til vinn.is og noti rammasamninga með umhverfisskilyrðum og gátlista við smærri innkaup
- Við kaupum einungis umhverfsvottaðan prentpappír
- Við kaupum raftæki sem eru í A flokki orkumerkinga eða hærra skv. orkuflokkum Evrópusambandsins

- Við skiptum einungis við umhverfsvottaðar prentsmiðjur
- Að lágmarki 80% almennra hreinlætis og ræstivara okkar eru umhverfsvottaðar. Miðað er við þyngd
- Innkaupafólk fyrirtækisins hefur sótt kynningarfund/vinnustofu um vistvæn innkaup eða horft á myndband af kynningum sem eru á vinn.is



Miðlun og stjórnun

- Fyrirtækið heldur grænt bókhald og skilar inn til innkaup@fjr.is fyrir 1. apríl ár hvert
- Við höfum skipað tengilið og teymi Grænna skrefa sem sjá til þess að aðgerðir nái fram að ganga. Tengiliður sér um samskipti við verkefnisstjórn Grænna skrefa og starfsmenn
- Við höfum kynnt Græn skref fyrirtækisins og stefnu ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur fyrir starfsmönnum okkar. Nýir starfsmenn fá allir slíka kynningu

- Starfsmenn okkar fá allir heilræði Grænna skrefa í tölvupósti
- Við höfum fundað með starfsmönnum um framgang verkefnisins og safnað saman ábendingum um hvað megi betur fara í umhverfismálum á vinnustaðnum
- Við höfum látið húseiganda eða rekstrarfélag húseignar skriflega vita af umhverfisstarfi okkar og óskað eftir samstarfi um úrbætur í umhverfismálum t.d. aðstöðu fyrir flokkun úrgangs eða lýsingu